

## Auglýsing

um útvegum á girðingarefni um árið 1906.

Stjórnarráðið útvegar á yfirstandandi ári, samkvæmt lögum um gaddavirsgirðingar frá 20. október 1905 og ákvæðum auglýsingar þessarar, girðingarefni fyrir sýslufjelög, sveitarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnukaupfjelög.

Girðingarefnið er sams konar og getur um í auglýsing stjórnarráðsins frá 1. október 1904, sbr. reglugjörð 24 maí s. á.

Fyrir hvert fjelag útvegar stjórnarráðið ekki minna af hverri tegund girðingarefnisins en hjer greinir:

100 pund af gaddavír, áætlað verð . . . . .	11 kr.
100 stykki af járnteinum, 65 þml. löngum, áætlað verð . . . . .	30 kr.
100 — — — — — 52 — — — — — . . . . .	24 kr.
100 — — — — — 42 — — — — — . . . . .	20 kr. 50 a.
100 — — — — — 33 — — — — — . . . . .	18 kr.
100 — — — — — 24 — — — — — . . . . .	14 kr.
100 — vinkilbeygðum járnstólpum 65 þml. löngum, áætlað verð	45 kr. 50 a.
100 — af flötum — — — — — 43 — — — — —	23 kr.

Girðingarefnið verður eigi flutt á aðrar hafnir en þær, þar sem strandferðaskipin eiga að koma við, og ber í pöntununum að tilgreina, á hverja höfn það skuli senda og hver veiti því þar móttöku. Eptir að girðingarefnið er komið á höfnina, er það í ábyrgð kaupanda. Girðingarefnið verður sent á hinar tilteknu hafnir svo snemma á næsta sumri, sem audið er. Móttakanda ber strax eptir móttöku efnisins að rannsaka vottfast, hvort hann hafi fengið allt það efni, er hann átti að fá, og ef nokkuð vantar, gjöra skipstjóra þegar advart, ef fært er, og senda stjórnarráðinu tafarlaust tilkynning um, hvað vanti.

Beiðnum um útvegum á girðingarefni skal fylgja í peningum verð þess girðingarefnis, sem beið er um, samkvæmt verðskrá þeirri, sem stendur hjer á undan. Í stað peninga má og senda ávísun fyrir upphæðinni á Landsbankann eða Íslandsbanka í Reykjavík, ef bankastjórnin hefir ritað á ávísunina, að upphæð hennar verði greidd stjórnarráðinu af bankanum, er stjórnarráðið krefst þess.

Beiðnir frá hreppsnefndum um útvegum á girðingarefni skulu vera undirritaðar af meðlimum hreppsnefndarinnar og á þær vera ritað samþykki sýslumanns fyrir hönd sýslunefndar. Beiðnir um sama frá sýslunefndum gefur sýslumaður út eptir ákvæðum nefndarinnar.

Beiðnum frá búnaðarfjelögum og samvinnukaupfjelögum skulu fylgja vottorð frá hlutaðeigandi sýslumanni um, að fjelagið sje búnaðarfjelag eða samvinnukaupfjelag, og að stjórn fjelagsins hafi undirritað beiðnina til stjórnarráðsins; ber að sýna sýslumanni lög fjelagsins, ef hann krefst þess, og láta honum í tje aðrar nauðsynlegar upplýsingar, áður en hann gefur vottorð þetta út.

Beiðnir um útvegum á girðingarefni samkvæmt framansögðu verða að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 1. apríl næstkomandi.

*I stjórnarráði Íslands, 2. janúar 1906.*

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*